

REGLUGERÐ
um (5.) breytingu á reglugerð nr. 213/1991
um greiðslur vasapeninga sjúkratryggðra.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Upphæð vasapeninga er 41.895 kr. á mánuði. Tekjur skulu hafa áhrif á fjárhæð vasapeninga á þann hátt að 65% af tekjum hlutaðeigandi dragast frá fjárhæð þeirra og falla greiðslur alveg niður við tekjur sem nema 773.446 kr. á ári.

Með tekjum er átt við tekjur eins og þær eru skilgreindar í 16. gr. laga um almannatryggingar og um tekjuútreikning fer samkvæmt sömu grein.

2. gr.

Í stað „741.582 kr.“ í 4. gr. kemur: 812.774 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 10. mgr. 48. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2009.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. desember 2008.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ágúst Þór Sigurðsson.